

Sögin ehf.
Stóru-Reykjum
641 Húsavík

Reykjavík, 18. nóvember 2021
UST202109-226/F.K.
07.05.02

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 23.9.2021 þar sem kynnt var eftirlit með merkingum efnavara í kjölfar ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs (HHGK).

Vörurnar, *DUO Multiprotect Matt, Transparent 2 - component floor varnish, ROYL Maintenance oil (Blank), Aquamarijn finilim – Liquid maintenance hardwax* og *Gumi - Oleij – Do pielgnacji tarasów*, voru skoðaðar. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöðu eftirlits má nálgast í eftirlitsskýrslu sem verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49 gr. efnalaga.

Þann 27.10.2021 tilkynnti Söginni ehf. að fyrirtækið hafi dregið vörurnar af markaði og hætt alfarið sölu þeirra og þann 08.11.2021 barst Umhverfisstofnun staðfesting á fögun efnanna í spilliefnamóttöku Terra efnaeyðingu.

Að framansögðu telst máli því sem hófst með bréfi dags. 23.9.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með *DUO Multiprotect Matt, Transparent 2- component floor varnish, ROYL Maintenance oil (Blank), Aquamarijn finilim – Liquid maintenance hardwax* og *Gumi - Oleij – Do pielgnacji tarasów* og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreindar vörur. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Sögin ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur